



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Smiðju
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2024

Félag íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri varðandi frumvarp til laga um breytingar á lögum um virðisaukaskatt og lögum um kílómetragjalds vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða (erlendir aðilar, kílómetragjald o.fl.)

FÍB átelur samráðsskort af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytisins varðandi vinnslu frumvarpa um skatta á bíla og umferð. FÍB telur sjálfsagt að viðtækt samráð sé haft við hagsmunaaðila áður en grundvallarbreytingar í skattlagningu vegna bifreiðanotkunar eru innleiddar. Félagið hefur ítrekað komið þessu á framfæri við ráðuneytið og ráðherra og þrátt fyrir fögur fyrirheit hefur lítið verið um efndir.

Lögveð við eigendaskipti

FÍB varar alvarlega við boðuðum breytingum í a-lið 11. greinar um að fella brott 3. málslið 1. mgr. 21. gr. laga um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða, nr. 101/2023, sem lúta að lögveði til tryggingar greiðslu á kílómetra- og vanskráningargjaldi. Boðað er að fella brott eftirfarandi ákvæði um lögveð í ökutæki: *Lögveð fellur niður við eigendaskipti hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né mátt vita um lögveðið.*

Um 11. gr. segir m.a.:

Lögveð felur í sér veðréttindi í tilteknu veðandlagi sem er hreinorku- eða tengiltvinnbifreið. Lögveðið hvílir þannig á viðkomandi bifreið sem ber kílómetragjald. Það sem einkennir lögveð er að veðréttindin eru óháð því hver er skráður eigandi viðkomandi bifreiðar hverju sinni. Talið er að málsliðurinn, sem setur það sem skilyrði fyrir fullnustu kröfu á grundvelli lögveðs að skráður eigandi bifreiðar hafi verið grandsamur um kröfuna, fari gegn meginreglum veðréttar og sjónarmiðum sem gilda um lögveð og er því lagt til að hann verði felldur brott.

Eina skýringin á þessum breytingum er að frumvarpshöfundar telja að skilyrðin um fullnustu kröfu á grundvelli lögveðs í lögnum fari gegn meginreglum veðréttar og sjónarmiðum sem gilda um lögveð. Engin frekari rök eru færð fyrir þessum grundvallarbreytingum. Það er erfitt að rökstyðja það að réttlætanlegt sé að nýr eigandi ökutækis sé alfarið gerður ábyrgur fyrir skatta- og vanskilaskuldum fyrri eiganda. Á grundvelli þessa lögveðs væri heimilt að innheimta skuld með fjárnámi hjá skráðum eiganda sem var algerlega ómeðvitaður um skuldina þegar viðskipti áttu sér stað. Lögveð hvílir þá sem leyndar upplýsingar og getur komið aftan að aðilum í almennum viðskiptum.



Lagaákvæði sem fela í sér undantekningu frá meginreglum þarf að túlka þröngt. Vegna eðlis bifreiðaviðskipta ber að fara mjög varlega í því að beita svona ósanngjörnum lögveðskröfum gagnvart grandalausum kaupendum á ökutækjamarkaði. Breyting á lögveðs ákvæðinu vinnur gegn sanngirnissjónarmiðum, neytendarétti og getur stórskaðað umhverfi bifreiðaviðskipta.

Það er ekki til eftirbreytni að ráðherra og ríkisstjórn telji réttlætanlegt að ganga svona freklega fram gagnvart kaupendum bifreiða.

Virðingarfyllt,

f.h. Félags íslenskra bifreiðaeigenda

Runólfur Ólafsson
framkvæmdastjóri